

**Ed. 52. Frumvarp til laga**

um yfirstjórn nokkurra rikiseigna í Ölfusi.

Flm.: Ingvar Pálmason, Sigurjón Á Ólafsson.

1. gr.

Finum manna nefnd þeirri, sem samkvæmt 9. gr. laga um sjúkrahús, nr. 30 frá 1933, skal hafa á hendi yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, skulu falin umráð eftirnefndra jarðeigna ríkisins í Ölfusi: Reykjakots, Reykja, Reykjahjáleigu, Kross og Valla.

2. gr.

Til þess að öðrum en ríkinu eða ríkisstofnunum sé leyfð notkun á landi Reykja og Reykjakots, þarf leyfi Alþingis að koma til.

Yfirstjórn sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana gerir yfirlit um framtíðar-notkun þessara jarðeigna og hverjar almannastofnanir skuli vera þar. Jafnframt er ráðherra heimilt, með leyfi yfirstjórnar sjúkrahúsa og heilbrigðisstofnana ríkisins, að leigja af því landi og jarðhita, sem eigi er ráðstafað samkvæmt 1. málsgrein, bæjarfélögum og allsherjarsamtökum verkamanna og samvinnufélaga fyrir meðlimi félagssamtakanna eða íbúa hlutaðeigandi kaupstaða til að reisa þar sumarbústaði og koma fyrir nauðsynlegum leikvöllum og sundstæðum fyrir þá, sem dvelja þar sér til heilsubótar og hressingar.

### 3. gr.

Sérhver sá, sem öðlzt hefir leiguréttindi eða önnur réttindi yfir landi jarðanna Reykja og Reykjakots, eftir að ríkið keypti þessar eignir, skal vera skyldugur til að láta réttindi þessi af hendi við ríkið. Um framkvæmd eignarnáms þessa fer eftir lögum nr. 61 frá 1917, um framkvæmd eignarnáms. Þó getur nefndin, ef ekki þarf á hinu leigða landi að halda, ákveðið að láta leiguliða halda leiguréttindum sínum meðan hann sjálfur notar það og yrkir, en ekki er honum heimilt að selja það öðrum.

### Greinargerð.

Frumvarp sama efnis var flutt í efri deild á síðasta þingi, en dagaði þá uppi. Er frv. nú flutt með þeim breytingum, sem meiri hl. allsherjarnefndar Ed. lagði til, að á því væru gerðar.

Að öðru leyti visast til greinargerðar, er fylgdi frv. á síðasta þingi, og nefndarálits meiri hl. allsherjarnefndar Ed. um málið (þingskj. 150 og 594).